

Mel. 4. maí 1914

Findingar.

I.

Hugsum oss mann, sem er kominn að drukknun; hann hefur þegar fengið að kenna á örvaentingu dauðans og heldur að hann hafi í síðan sinni sól sjeð. En allt i einu aukast honum svo kraftar aftur, að hann kemst að landi og hyggur að hann sje úr allri hæitu. En þar standa þá menn fyrir, sem varna honum að komast á land; segja sumir, að það sje ekki nema ímyndun ein að hann sje í nokkurri hættu staddir, en aðrir, að þetta sje gert eftir samþykkt; og virðist það vera það sem þeir ætla að hafa sjer til af söknnar á dómsdegi. Og ef til vill drukknar maðurinn þarna, formælandi þeim, sem höfðu bannað honum að bjarga sjer. Því að bæði er hver fús til fjörsins, og svo þóttist hann hafa alveg sjerstaka ástæðu til að vilja ekki druknna þarna. Þeir landi hefðu svo til að ná manninum dauðum og grafa hann með virktum og skilja aldrei hvers vegna þeim gengi sumt erfiðlegar þaðan af. En seinna mundi þó einhverum skiljast, að sá sem þarna fórst, hefði einmitt illa mátt missast þjóð, sem er á glötunarvegi, sakir eigin og annara vanþekkingar á því hlá verki, sem henni virðist sjerskilega ætlað.

Fyrri kaflinn er, eins og menn geta skilið, nokkurs konar skáldshapur og ekki vandskilinn, þegar þess er gætt, að ritar hefur maður sem sjöd hafði fram á, að hann gæti náð góðri heilsu eftir langvinn svefnleysisvandræði, sem jafnvel höfðu komið honum í dauðans greipar, þegar tekið var upp á því hjér bænum að hringja bjöllum næstu og daga. Fátt er þetur fallið til að trufla ró, en bjölluglamur, og koma í veg fyrir svefn. Og eigi aðeins svefn, heldur góða hugsun. Væri unnt að mæla vitmagn Reykviðinga, mundu menn líklega finna, að það hefði þorrið að mun síðan þessi bjölliöld hófst, og var þó náttúrlega ekki of mikil áður. Mjær hef-
11 pessi bjölluglamrandi verið hrein og þeim pínding, sem hefur svift mig svefn að miklu leyti alltaf og stundum að mestu leyti, mánuðum saman. Hefur þetta spilt öllu mínu lífi síðan bjölluglamrið hófst, í febr. 1913, árið áður hafði jeg engan dag legið rúmfastur og var á góðum batavegi, eins og drepið var á, en áður en ár var liðið frá því bjölluglamrandinn hófst, hafði jeg legið rúmfastur í 17 daga, og stundum með nær óbærilegum kvöllum í höfði. Að jafnvel manni sem varla getur kveif kallast, þykji þetta erfitt, verður skiljanlegt, ef menn gæta þess, að svefnleysi drepar fyr en sultur, eins og sýnt hefur verið með tilraunum. Og fyr er bói en sje bani. Flestum muð ekki þykja það mikil, þó að einhverstaðar sjeu að glamra bjöllur um nótt eða morgun; en mjær bannar það svo svefn, að jeg

sje fram að jeg muni verða ófær og ekki eiga viðreisnar von, gangi þetta lengi enn. Það eru aðeins nokkrir af vögnum bærins, sem eru að glamra með þessar bjöllur engum til gagns, en mórgum til ógagns öðrum en mjer, þó að fæstir veitti því ef til vill eftirtekt, að hverju það er sem þeim hefur liðið ver þetta síðasta ár. Verst er mjer við hringingarnar frá 5—9 eða $9\frac{1}{2}$, því að þær banna mjer alltaf þá brautlending, sem það er, að sofna með morgnininum eftir hvíldarlítla nöt. En það var það, sem jeg var farinn að geta áður mjög oft og einkum þess vegna var það sem jeg ritaði um tíma meira í blöð, en jeg hafði áður gert. Og þú að menn vildu nú halda því fram, að velferð ví sindamanns mætti gjarna fótum troða sjer til glamurgamans í þjóðfjelagi, sem fremur virðist hafa skömm á öllu því, sem horfir til skilningsauka (sbr. kjör kennara o. s. frv.), þá kemur hjer fleira til greina. Hjer í bænum gengur óvanalega drepsottarkend lungnabólga. Lungnabolgusjúklingum riður meira á því en flestum öðrum; að ró þeirra sje ekki raskað, þegar hún fæst. Peir deya af því að hjartað ofspreyttist og gefst upp, en hjartað hvilist best í svefn. Og þarf jeg víst ekki að útlista frekar, hvers vegna jeg held, að bjöllurnar kunni að hafa stytt einum og öðrum lungabolgusjúklingi aldur.

Sýni menn nú mannúð og afnemi bjöllurnar. Þó að tilgátan um að þessi pindingaverksfari, sem glamra sama falstónumin mínúlu eftir mínútu,

eigi nokkurn þátt í því, hvað þessi lungnabólga hefur verið banvæn, kynni að vera röng — og jeg held að hún sje það ekki — þá er það áreiðanlegt, að mikil breyting til baðnaðar mundi verða á minni æfi, ef bjöllurnar eru teknar af þessum ekki mórgu vögnum. Og það er líka áreiðanlegt að mönnum mun ekki standa neitt lán af því til langframa, að vera að pinda mig. Mega þeir vilja, að það illt, sem þeir gera öðrum, mun sjálfum þeim í koll koma síðar.

Hætti menn að pinda mig, mun jeg geta komið af nokkrum smágreinum, sem mjer er mikill hugur að ríta (um raflysing, gatufskipin, háskólanum, framtíð Íslands og margt fleira) og einnig mun jeg þá geta látið koma fyrir almennings sjónir eitthvað úr greinabálki, sem á að héita »Í Helvítie«. Og þó að jeg gæti nú komið einhverju af þessu út þrátt fyrir pindingarnar, þá verður það miklu ver gert, sje mjer alltaf illt í höfði. Sýni menn nú vit. Það hljóta að vera hjer til menn, og þeir eigi allfáir, sem sjá hve fávislegt það er að vera með óþarfa einum, að leggja pindingar á mann, sem mikinn hug hefur á að láta gott af sjer leiða og mikið gott getur látið af sjer leiða, ef kraftar nást. Og þar stendur ekki á öðru en svefni.

Sýni menn nú dálítinn drengskap. Það er ekki til mikils mælst, en mjer liggur hjer mikil við. Jeg er ekki að amast við reiðhjólabjöllum, þeim er ekki hringt lengi í einu, en horni, handþeytt, væru þar samt skynsamlegri.